

Aðalfundur Arkitektafélags Íslands haldinn á Sólun Bistró miðvikudaginn 26. febrúar 2020 kl. 16:30

Gerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri AÍ setur fundinn 16.36

Gerður Jónsdóttir leggur sjálfa sig til sem fundarstjóra og Jóhönnu Höeg Sigurðardóttur sem fundarritara. Það er samþykkt.

Athugað hvort löglega hefur verið boðað til fundarins. Fundurinn var auglýstur 12. febrúar 2020 þ.e. tveimur vikum fyrir settan fundardag. Enginn hreyfir andmælum.

Á heimasíðu félagsins hefur fundardagskrá verið aðgengileg ásamt tillögum um lagabreytingar.

Fyrir liggja hefðbundin aðalfundarstörf:

1. Skýrslur stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins, ávöxtun sjóða
3. Lagabreytingar
4. Kosningar í stjórn, ráð og nefndir, skv. 12. og 15. gr. Félagslaga
5. Árgjald og rekstraráætlun
6. Réttindasamningur AÍ og SAMARK kynntur
7. Önnur mál

Lagðar til breytingar á dagskrá. Samþykktá breytta dagskrá má sjá hér að ofan. Breytingin felst í því að fresta kosningu um lagabreytingu. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna gátu formaður félagsins, Karl Kvaran og Halldór Eiríksson sem hefði átt að vera fundarstjóri á fundinum ekki verið viðstaddir og því talið rétt að bíða með kosningu. Þess í stað var ákveðið að nýta þennan fund til að kynna breytingarnar fyrir félagsmönnum. Síðar verður haldinn auka aðalfundur þar sem kosið verður.

Ekki náðist fyrir þennan fund að skrifa undir réttindasamninginn en það verður að öllum líkindum búið fyrir auka aðalfundinn.

Minnst var félaga sem látist hafa á liðnu starfsári.

Haraldur V. Haraldsson lést í janúar 2019

Gunnar Friðbjörnsson lést í maí 2019

Egill Guðmundsson lést í október 2019

Steinar Sigurðsson lést í nóvember 2019

Örnólfur Hall lést í janúar 2020

1. Skýrsla stjórnar

Ritari stjórnar, Sigríður Maack, fór yfir skýrslu stjórnar. Í stjórn með Sigríði er formaður, Karl Kvaran og gjaldkeri, Böðvar Páll Jónsson.

Lesi má umfjöllun ritara í árskýrslu félagsins. En hér verður stiklað á stóru.

Leysi þurfi stóra sjúkrasjóðsmálið, kjaramál eru ófrágengin, samkeppnismál, menntamál, 100 ára embættisafmæli Guðjóns Samúelssonar og efling samstarfs við LHÍ.

Kjaramál

Markmið stjórnar var að leysa sjúkrasjóðsmálið. Kjaramálin hafa sífellt strandað á þeim hnút. Kjaranefndin hefur farið í saumana á þessu máli. Komið hefur í ljós að AÍ á ekki aðild að málefnum SA. Kjaranefndin kynnti þetta á félagsfundi í janúar og það má finna upplýsingar um þessi mál á heimasíðu félagsins. Markmiðið er að samningur gangi í gegn á næstu dögum og hefur AÍ og SAMARK fundað með SA um næstu skref. Þau fela í sér slit við sjúkrasjóðinn. Skammtíma samningur leyfir greiðslur í fleiri en einn sjóð, til ársins 2021 en þá verður samið við BHM og SA.

Samkeppnismál

Kæra á framkvæmdarsamkeppni á Stjórnarráðsreit. AÍ skilaði af sér álit um málið. Í framhaldi var haldinn félagsfundur í maí um samkeppnir og framtíð þeirra.

Málið um stúdentaíbúðir við Gamla garð var vísað til siðanefndar og skilaði nefndin af sér greinagerð til stjórnar um þann lærdóm sem draga mætti af málinu og hvernig megi gera betur.

Tillögur að breytingu á samkeppnisreglum er lúta að frekari rökstuðningi verkkaupa ef hann vill nýta sér aðrar tillögur en vinningstillögu.

Menntamál

Arkitekt er lögverndað starfsheiti hér á landi. Í starfsreglum menntamálanefndar er skilgreint að meðal verkefna hennar er að fara yfir umsóknir til ráðuneytis um starfsheitleyfi. Menntamálanefnd AÍ hefur ekki verið falið að fara yfir umsóknir um inngöngu í AÍ. Það hafa því komið upp mál þar sem fullgildir félagsmenn hafa ekki hlotið leyfi ráðuneytisins til starfsheitis. Breyta verður starfsreglum menntamálanefndar eða lögum félagsins til að fyrirbyggja að slík staða komi upp.

Guðjón Samúelsson

20. apríl 2020 verða 100 ár liðin frá því að Guðjón Samúelsson tók við embætti húsameistara ríkisins. AÍ hlaut milljón króna styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að að vekja athygli á verkum hans. Dagskrá kemur út í apríl.

Á starfsárinu var haldin veigamikil sýning á verkum Guðjóns í Hafnarborg ásamt málþingi. Stóð Hafnarborg ásamt Pétri Ármannssyni fyrir því framtaki.

AÍ hefur borist greiðsla til að endurbirta ýmis verk Guðjóns. Frekari upplýsingar um það koma síðar.

Fundur norrænu arkitektafélaganna

Norrænu arkitektafélögin eiga gott samstarf og eiga fund á hverju ári. Nú síðast var hann í Osló (2019). Skrifað var undir samþykkt um stofnun regnhlífarsamtaka félaganna á Norðurlöndum til að formgera samstarfið. Þetta gæti nýttst vel til að auðvelda styrktarumsóknir til ýmissa verkefna og sýna samstöðu á ýmsum sviðum svo eitthvað sé nefnt. UIA ráðstefna verður haldin í Kaupmannahöfn 2023. Danir óska eftir því að Norðurlöndin verði sýnileg þar.

Hönnunarmars

AÍ hélt fjórar göngur á Hönnunarmars 2019. Gláma Kím, Úti og Inni, Gríma arkitektar og PKdM tóku þátt og gengu um svæði sem þessar stofur hafa gengt lykilllutverki í að hanna. Mæting og stemning var mjög góð.

LHÍ

AÍ og LHÍ leita leiða til að efla samstarf við nemendur og fá þá inn í félagið. Stofnað hefur verið dagskráráð LHÍ og formaður þess situr í dagskrárnefnd AÍ. Vonandi hefur það meira samstarf í för með sér.

AÍ, LHÍ og danska sendiráðið héldu sameiginlegt málþing um Hverfisgötu.

Annað samstarf

AÍ og BÍL eiga mörg sameiginleg hagsmunamál og er samstarf því æskilegt. AÍ og EHÍ hafa haldið mörg námskeið. AÍ og franska sendiráðið eru að undirbúa dagskrá.

Ýmislegt

Félagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum á vegum dagskrárnefndar. Á alþjóðlegum degi arkitektúrs var boðið upp á fimm mismunandi göngur um gömul og ný verk. Unnið er að samningi við strætó um samgöngukort í strætó. Félagið er flutt í nýtt húsnæði að Tryggvagötu 17.

Framundan

Félagið leggur áherslu á að klára réttindasamning. Einnig er brýnt að hefja umræðu um endurskoðun á lögum og reglum félagsins m.t.t. nýlegra mála hjá samkeppnis- og menntanefnd. Á döfinni er einnig að hefja samtal við hið opinbera um afdrif byggingarlistardeildar við Listasafn Reykjavíkur. Hvar munir hennar eru niðurkomnir og hvaða sómi skuli sýndur þeim menningararfi sem felst í byggingarlist. Pétur Ármannsson fer fyrir þessu verkefni.

Skýrslur nefnda

Skýrslur nefnda má lesa í ársskýrslu félagsins. Þeim verður ekki gerð frekari skil hér.

Gestur Ólafsson kemur fram þeirri skoðun sinni að hann óski eftir málþingi um stöðu byggingarlistar á Íslandi. Leggur til að fá kennara úr LHÍ og vel valda félagsmenn til þess að reifa þetta mál. Þetta er afskaplega mikilvægt mál og það væri óskandi að rödd AÍ yrði hávævari í þessum efnunum. Fékk hugmyndin góðar undirtektir og þakkaði framkvæmdastjóri og ritari þessa hvatningu.

Hönnunarmiðstöð

Kristján Örn Kjartansson er formaður stjórnar Hönnunarmiðstöðvar 2019. Nú stendur yfir samtal við stjórnvöld um betri samninga fyrir störf Hönnunarmiðstöðvar. Nýr vefur miðstöðvarinnar og aðildafélaganna kemur í gagnið 2020. Vonast er eftir nýjum samningi um

rekstur Hönnunarmiðstöðvar fljótlega. Hönnunarverðlaun Íslands 2019 voru veitt í nóvember. Genki instruments-wave hringur hlaut verðlaunin. Omnom súkkulaðigerð hlaut bestu fjárfestingu. Manfreð Vilhjálmsson arkitekt hlaut heiðursverðlaun. Hönnunarmiðstöð flutti í nýtt húsnæði í byrjun árs að Tryggvagötu 17.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins, ávöxtun sjóða

Böðvar, gjaldkeri stjórnar, kynnir reikninga félagsins.

Hagnaður félagsins er 1.702.905 kr. Tekjur af félagsgjöldum eru 14.874.704 kr. Aðrar tekjur eru 5.842.024 kr.

Sú fyrirspurn kom úr sal hvort AÍ hefði bækur til sölu. Gerður svaraði því til að LBHÍ kaupir bækur af félaginu til kennslu. Það er kominn tími til að uppfæra bækurnar, t.d. yfirlit arkitektúrs á Íslandi.

Minningarsjóði Guðjóns Samúelssonar er ætlað að renna til AÍ til að standa straum að kostnaði við samtal um arkitektúr.

Reikningar félagsins voru samþykktir.

3. Lagabreytingar

Ekki var kosið um lagabreytingar á aðalfundinum en þær aðeins kynntar. Kosningar verða á auka aðalfundinum.

3.1. Samkeppnisreglur

Breyting á samkeppnisreglum. Frekari kröfur um rökstuðning verkkaupa ef hann kýs að snúa sér annað en að vinningstillögu. Kemur þetta mál upp vegna verkkaupa við Gamla garð. Æskilegt hefði verið að halda sameiginlegan fund með öllum málsaðilum svo vinningshafar hefðu tækifæri til að verja rétt sinn. Einungis voru haldnir fundir í sitthvoru lagi.

Eftirfarandi tillaga að breytingu á samkeppnisreglum er gerð út frá greinargerð siðanefndar um lærdóm og ábendingar til stjórnar AÍ. Breytingarnar gera kröfu um aukinn rökstuðning verkkaupa vilji hann nýta sér aðrar tillögur en vinningstillögu.

Reglurnar eins og þær standa nú:

16. Verk að lokinni samkeppni

Miðað er við, að höfundur tillögu sem dómnefnd mælir með til útfærslu, verði ráðinn til verksins. Telji útbjóðandi höfund tillögu ekki hafa fullnægjandi reynslu til að taka að sér verkið, skal hann, í samráði við stjórn AÍ, gefa höfundi kost á að velja sér samstarfsmann með nægilega reynslu að mati stjórnar AÍ og útbjóðanda. Hafi útbjóðandi aðrar ástæður til að víkja frá meðmælum dómnefndar, skal hann hafa samráð við stjórn AÍ. Ef útbjóðandi óskar eftir að framkvæma samkvæmt annarri tillögu en þeirri sem dómnefnd mælir með getur hann keypt sig frá niðurstöðunni með því að greiða viðkomandi verðlaunahafa upphæð sem er jafnhá verðlaunum hans. Þetta á aðeins við um framkvæmdasamkeppni. Dómnefndarmenn,

ritari dómnefndar, ráðgjafar og þeir sem koma að undirbúningi samkeppninnar og aðrir þeim nátengdir, mega ekki taka verkið að sér.

Tillaga að breytingum:

16. gr.

Miðað er við, að höfundur tillögu sem dómnefnd mælir með til útfærslu, verði ráðinn til verksins. Telji útbjóðandi höfundur tillögu ekki hafa fullnægjandi reynslu til að taka að sér verkið, skal hann, í samráði við stjórn AÍ, gefa höfundi kost á að velja sér samstarfsmann með nægilega reynslu að mati stjórnar AÍ og útbjóðanda. Hafi útbjóðandi aðrar ástæður til að víkja frá meðmælum dómnefndar og/eða ef útbjóðandi óskar eftir að framkvæma samkvæmt annarri tillögu en þeirri sem dómnefnd mælir með skal útbjóðandi boða stjórn AÍ og verðlaunahafa þeirrar tillögu sem dómnefnd mælir með saman á fund og rökstyðja ákvörðun sína. Útbjóðandi getur keypt sig frá niðurstöðu dómnefndar með því að greiða viðkomandi verðlaunahafa upphæð sem er jafnhá verðlaunum hans. Þetta á aðeins við um framkvæmdasamkeppnir. Dómnefndarmenn, ritari dómnefndar, ráðgjafar og þeir sem koma að undirbúningi samkeppninnar og aðrir þeim nátengdir, mega ekki taka verkið að sér.

3.2. Starfsreglur menntamálanefnd

Eins var lögð fram tillaga á breytingum um félagsaðild að félaginu. En það er gert til að fyrirbyggja að fullgildir félagsmenn fái synjun á leyfi ráðuneytisins til starfsheitis. Til að þetta verði raungert verður annaðhvort að breyta starfsreglum menntamálanefndar eða lögum félagsins.

Þriðja grein félagsins tekur á félagsaðild. Þar stendur.

3. gr.

Fullgildir félagsmenn, íslenskir eða erlendir, geta þeir orðið sem hafa lokapróf í byggingarlist frá háskóla eða tækniháskóla, sem félagið viðurkennir. Aukaaðild að félaginu geta t.d. þeir fengið sem eru í námi í byggingarlist o.fl. samkvæmt eftirfarandi inngönguskilyrðum. Aðild að AÍ getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Aðild að kjaradeild: Fag- og stéttarfélagsaðild þeirra arkitekta sem greiða stéttarfélagsgjöld til AÍ. Aðildin veitir réttindi til þátttöku í fag- og stéttarfélagsmálum.
2. Aðild að fagdeild: Fagfélagagsaðild þeirra arkitekta sem greiða fagfélagsgjald til AÍ. Aðildin veitir réttindi til þátttöku í öllum málum félagsins öðrum en stéttarfélagsmálum.
3. Aukaaðild að kjaradeild: Veitir réttindi til þátttöku í stéttarfélagsmálum.
 - 3.1. Nemendur í arkitektúr sem hafa lokið BA námi.
4. Aukaaðild að fagdeild:
 - 4.1. Nemendur í arkitektúr.

Sá sem ganga vill í félagið, sendir skriflega beiðni um það til stjórnar félagsins þar sem skýrt kemur fram hvort sótt er um aðild að kjaradeild, fagdeild, aukaaðild að kjaradeild eða aukaaðild að fagdeild. Sá sem ganga vill í félagið með aukaaðild að kjaradeild, skal leggja fram fullgild skjöl fyrir fenginni BA gráðu í arkitektúr með umsókn til stjórnar.

Tillaga að viðbótum við lög félagsins um félagaaðild:

Þegar við á, skal inntökubeiðni fylgja leyfi ráðherra til starfsheitis, arkitekt (húsameistari), sbr. 3. gr. laga um rétt til starfsheitis nr. 62/1986.1) Inntökubeiðni skal borin upp til samþykktar á næsta stjórnarfund. Nái inntökubeiðnin samþykki, er umsækjandi upp frá því fullgildur félagsmaður. Fullgildir félagsmenn noti löggilt starfsheiti, arkitekt (húsameistari) auk skammstöfunarinnar F.A.Í.

Þetta hefur nú verið kynnt fyrir félagsmönnum.

4. Kosningar í stjórn, ráð og nefndir

Ný stjórn, ráð og nefndir sem samþykktar voru á aðalfundinum.

Sjórn: formaður Karl Kvaran, gjaldkeri Böðvar Páll Jónsson og ritari Sigríður Maack
Skoðunarmenn ársreikninga: Jakob E. Línadal og Sigríður Magnúsdóttir
Samkeppnisnefnd: formaður Gunnar Örn Sigurðsson, Laufey Agnarsdóttir, NN
Kjaranefnd: formaður Sigríður Maack, NN, NN
Laganefnd: NN, NN, NN
Menntamálanefnd: Þórarinn Malmquist, Svava Jónsdóttir, Pétur Arnar Kristinsson
Siðanefnd: Guðmundur Gunnarsson, Gíslína Guðmundsdóttir, Halldór Eiríksson
Dagskrárnefnd: Jóhanna Höeg Sigurðardóttir, Björg Halldórsdóttir, Fulltrúi frá LHÍ
Orðanefnd: Bjarki Gunnar Halldórsson, Óskar Arnórsson, Pétur Arnar Kristinsson
Stjórn minningarsjóðs Guðjóns Samúelssonar: Karl Kvaran (formaður AÍ), Sigríður Ólafsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir, Garðar Snæbjörnsson, Erling Jóhannesson forseti BÍL

5. Árgjald og rekstraráætlun fyrir árið 2020

Rekstraráætlun 2020 gerir ráð fyrir svipuðum húsnæðis-, rekstrar- og launakostnaði. Einnig er gert ráð fyrir sömu tekjum af samkeppnum árið 2020.

Auka þarf tekjur félagsins til þess að styrkja stöðu þess og efla. Hugmyndir í þeim efnum eru meðal annars að fjölga félögum, sameining við önnur félög, samtöl við þá sem ekki eru félagar. Ef til vill koma inn fleiri félagar í gegnum BHM. Einnig er hugsanlegt að félagið geti sótt um fleiri styrki sem borgað gætu einstök verkefni. Gott væri að fá fleiri hugmyndir frá félagsmönnum um það hvernig auka megi tekjur félagsins.

Böðvar leggur fram tillögu um breytingu á árgjöldum. Þau fela í sér hækkun upp á 1900 kr. Voru áður 40.600 kr og yrðu þá 42.500 kr. Þetta er 4,7% hækkun og er í samræmi við vísitölu neysluverðs.

Félagsgjöld fara í: samkeppnir, norrænt samstarf, aðstöðu sem sómi er af, Feneyjartvíæringinn, bókun reikninga, styrkjaumsóknir vegna sérstakra verkefna, stéttarfélag og kjaranefnd, útgáfu tímarits, alþjóðlegt samstarf, álitsgjöf á lagamálum, vefsíðu, umfjöllun fjölmiðla, sögu arkitekta á Íslandi, uppbyggingu hönnunarstéttar, miðlun upplýsinga, áhrif á menntamál, vettvang til að hafa áhrif, sýningar, samtöl innan stéttarinnar, skipulag

sjálfboðastarfs, Hönnunarmars, samskipti við fjölmiðla, símanúmer og síðast en ekki síst 1,2 starfsmann.

6. Réttindasamningur AÍ og SAMARK

Sigríður Maack kynnir réttindasamninginn. Núverandi samningur uppfyllir ekki gildandi lög. Réttindasamningar almennt eru á svipuðu formi. Sjá má glærur um efnið á heimasíðu félagsins frá félagsfundum sem haldinn var í janúar.

Félagið mælir með að nýji réttindasamningurinn verði samþykktur. AÍ er þannig að færa sig nær því formi sem tíðkast á almennum markaði.

Almennum aðalfundarstöfum lokið.

7. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gestur Ólafsson spyr stjórn út í reynslu sína við samstarf við Hönnunarmiðstöð og hvort það eigi ekki að slíta þessu samstarfi. Sigríður Maack svarar því með að engin ástæða sé til að slíta þessu samstarfi þar sem það hafa verið mjög farsælt. Það stuðli að sýnileika fagsins t.d. á Hönnunarmars þó sýnileiki þar sé alfarið undir félagsmönnum komið. Kristján Örn Kjartansson sem situr í Hönnunarmiðstöð svarar þessu. AÍ á ekki í samstarfi við Hönnunarmiðstöð, AÍ á Hönnunarmiðstöð ásamt öðrum aðildarfélögum. Björn H. Jóhannesson finnst erfitt að sjá að þetta stuðli að góðri umræðu um arkitektúr og finnst HA blaðið ekki vera með margar greinar um arkitektúr. Kristján svarar. Hann segir að Hönnunarsjóður veiti hönnunarverðlaun og hafi arkitektar hlotið þau tvö ár í röð og fengið þessi verðlaun einna oftast. Einnig hlaut arkitekt heiðursverðlaunin í ár. Hönnunarmiðstöð er í okkar eigu og það er undir okkur komið að koma því á framfæri sem við viljum að þar gerist. Hönnunarmiðstöð á í góðu samstarfi við marga ólíka aðila t.d. umhverfisráðuneytið með verkefnum „Góðar leiðir“ og mentamálaráðuneytið um tvíæring um arkitektúr ásamt mörgu öðru. Helgi Steinar Helgason er ósammála Birni og finnst HA sýna flottan og breiðan skala á öllum hönnunargeiranum á Íslandi.

Helgi vildi koma á framfæri skoðun sinni varðandi lagabreytingu útaf Gamla garði. Hann bendir á að fyrstuverðlaunahafar þar sitji eftir með sárt ennið og finnst honum þetta mál ekki hafa fengið jafn mikla umfjöllun og Stjórnarráðsmálið. Hann telur að þetta dragi úr yngri kynslóð arkitekta að taka þátt í samkeppnum og finnst ákveðið misræmi í því hvernig málin hafa verið afgreidd innan AÍ, eftir því hvaða kynslóð fólk tilheyrir. Þetta endurspeglar að AÍ þurfi að vera sýnilegra og fá meira af ungu fólki inn í félagið. Kristján Örn Kjartansson finnst alvarlegast varðandi málið við Gamla garð að þarna er samið við hönnuði á þeim forsendum að það eigi ekki að fara í framkvæmdina, stuttu síðar í ferlinu er kominn annar hönnuður í málið. Gerður nefnir að síðanefnd hafi tekið á þessu máli og gert athugasemd við vinnubrögð Félagsstofnunar stúdenta. Rektor HÍ hefur einnig verið tilkynnt um málið. Ekkert svar hefur komið til baka.

Pétur Ármannsson segir að engin skýrsla um framtíð minningarsjóðs Guðjóns Samúelssonar sé til. Gott ef slík skýrsla væri til. Hann vill vekja athygli á hvort ekki væri hægt að koma því

Þannig fyrir að hægt væri að arfleiða sjóðinn fjármunum. Það er gott að eiga einn öflugan sjóð í stað þess að fleiri sjóðir verði stofnaðir. Það er mikilvægt að þessi sjóður eigi líf til framtíðar og þarf því að afla tekna.

Annað sem Pétur vildi koma á framfæri eru mál um tímarit og fræðslumál. Gott væri að fyrrum tímarit sem hafa verið gefin út um arkitektúr, t.d. tímarit sem Gestur Ólafsson gaf út um tíma, væri gert aðgengilegt á netinu. Það mætti t.d. gera það á timarit.is. Mjög mikill fróðleikur er í þessum tímaritum sem væri gott að fleiri hefðu aðgang að. Ekki síst nemendur. Gerður segir að félagið fái reglulega fyrirspurnir um þetta. Gestur segir að það væri gaman að sjá AÍ skipa sér stærri sess í heiminum t.d. með útgáfu á blaði. Gerður segir að regnhlífarsamtök gæfi út norrænt tímarit og Ísland hefði aðgang að því.

Umræður um að fá félagsmenn til að skrifa í þau rit sem nú þegar eru til og hvaða munur sé á auglýsingatekjum í tímaritum og netmiðlum. Sigríður Maack talar um vandamál þess eðlis að það sé erfitt að fá fólk til að skrifa greinar og tjá sig á opinberum vetvangi. Leita þarf leiða til að virkja félagsmenn.

Hér með lauk þessum umræðum.

Boðið verður til auka aðalfundar. Þá eru félagsmenn búnir að fá tíma til að kynna sér lagabreytingarnar. Þá verður réttindasamningur vonandi líka komin í hús.

Fundarstjóri Gerður Jónsdóttir sleit fundinum klukkan 17.48

fundarritari,
Jóhanna Höeg Sigurðardóttir

fundarstjóri,
Gerður Jónsdóttir